

## **Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs**

### **15. fundur, 19. febrúar 2003**

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs miðvikudaginn 19. febrúar 2003 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Húsnæðismál
2. Fjárhagsáætlun.
3. Boð Þorsteins Sigmundssonar
4. Önnur mál.

#### **1. Húsnæðismál**

Rætt var um húsnæðismál safnsins í framhaldi af fyrri hugmyndum þar um (sbr.10. fg., 2. l.) og framkomnu boði leigusala um leigu á salnum á 3. h. Hamraborgar 1 að hluta til. Þar sem aðrir kostir virðast ekki í boði í bili var sæst á að semja við hann um þá leigu til bráðabirgða og miðað við að sú skipan gildi til 31. des. nk. Það var samþykkt í trausti þess að unnið verði að því af bæjaryfirvöldum að safnið öðlist sem fyrst full umráð yfir húsnæði sínu, enda rekist leiga salarins nú ekki um of á við flokksstarf í þessum húsakynnum á kosningaári. Héraðsskjalaverði var veitt umboð til þess að gera samning við Þorra hf. á þessum forsendum.

#### **2. Fjárhagsáætlun.**

Farið var yfir hlut Héraðsskjalasafns Kópavogs í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir þetta ár eins og hann lá fyrir eftir samþykkt hennar. Miðað við þær fjárhæðir sem þar eru á blaði vekur stjórnin athygli á því að þar er ekki gert ráð fyrir nýjum starfsmanni. Stjórnin ítrekar því fyrri samþykktir um að úr því verði bætt hið fyrsta og ráðinn starfsmaður í fullt starf í safninu (sbr. 12. fg., 4.l. b; 13. fg., 2. l.a; 14. fg., 1.l.)

### 3. Boð Þorsteins Sigmundssonar.

Þorsteinn Sigmundsson bóndi í Elliðahvammum, sem haft hefur samband við héraðsskjalavörð (sbr. 14. fg., 2.1.d), er fróður mjög um Kópavog fyrir og nú og hefur undir höndum mikið af gögnum og myndum sem hann hefur boðið stjórninni að koma og kynna sér hjá honum. Því boði var tekið með þökkum.

### 4. Önnur mál.

Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir stöðu mála sem rædd höfðu verið á síðasta fundi. Þantaður hefur verið aðgangur að Netheimum (sbr. 14. fg., 2.1.a). Síminn hefur þegar gert sitt til þess að koma á ADSL-tengingu, sem rætt hefur verið um áður á stjórnarfundum, en enn stendur á bænum. Þá hefur héraðsskjalavörður komið á framfæri athugasemdum stjórnarinnar í sambandi við vefsíður Kópavogskaupstaðar og Þjóðskjalasafns (sbr. 14. fg., 2.1.e.). Óskir um búnað og tæki eru í athugun.

Fleira gerðist ekki.  
Fundí slitið kl. 18.10.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
meðstjórnandi

Leo Ingason  
héraðsskjalavörður